

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 7. október kl. 13:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1226. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafðís Anna Bragadóttir, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 38 - USK24060289

Sótt er um leyfi til að breyta notkun skrifstofurýma í íbúðir og byggja svalir á austurhlið 2. hæðar í skrifstofu- og verslunarhúsi, mhl. 03, á lóð nr. 38 við Ármúla. Erindið var grenndarkynnt frá 8. ágúst 2025 til og með 5. september 2025.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. í mars 2025, fundargerðir aðalfundar húsfélags dags. 29. október 2024 og 20. mars 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. október 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Ármúli 42 - USK25040204

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK240300902 vegna lokaúttektar á hárgreiðslustofu í rými 0102, þannig að eignum er fjölgað úr einni í níu, skráning og skráningartafla er uppfærð fyrir allar hæðir skrifstofu- og verslunarhúss, mhl.01, á lóð nr. 42 við Ármúla. Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 18. september 2025.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 11. júní 2024.

Frestað. Vísað til áður gerðra athugasemda.

3. Borgartún 26 - USK25070362

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. II, teg. a fyrir 78 gesti í rými 0102 í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð um brunahönnun síðast breytt 7. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

4. Borgartún 28 - USK25060286

Sótt er um uppfærða byggingarheimild fyrir LED auglýsingaskilti á húsvegg á lóð nr.28 við Borgartún.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bragagata 26A - USK25070383

Sótt um byggingarleyfi til að fjarlægja norðanverðan kvist og endurgera kvist á suðurhlið á lóðar 26A við Bragagötu.

Sjá einnig fyrirspurn til Skipulagsfulltrúa USK25050239 Bragagata 26A. Viðhaldsframkvæmdir og bæta við þakglugga

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

6. Breiðhöfði 3 - USK25080191

Sótt er m leyfi til að byggja tvö 7 hæða fjölbýlishús með 77 bílastæðum á bílakjallara með 139 stæðum á lóð nr. 3 við Breiðhöfða.

Stærð: 11.452,4 ferm., 37.404,1 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 11. ágúst 2025 og greinargerð um brunavarnir frá Örugg dags. 22. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Fiskislóð 10 - USK25090166

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi á 1. hæð og setja nýja lagerhurð og bílalúgu í atvinnuhúsnæði á lóð nr. 10 við Fiskislóð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Grenimelur 9 - USK25040027

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að innra skipulagi, stækkun á kvisti á vesturhlið, nýr kvistur á suðausturhlið, nýjum inngangi kjallara, nýir þakgluggar, strompur fjarlægður, uppstólað þak á bílageymslum, innrétta vinnustofur í bílskúrum auk þess sem bílskúrar eru klæddir með báruáli. við fjölbýlishús á lóð nr. 9 við Grenimel.

Erindi fylgir samþykki annarra eiganda dags. 1. apríl 2025, yfirlit breytinga dags. 26. apríl 1992 og gátlisti hönnuðar.

Erindið var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Grenimel 7 og Hagamel 10 og 12, frá 27. ágúst 2025 til og með 24. september 2025.

Engar athugasemdir bárust.

Stækkun 39,5 ferm. og 80,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Grensásvegur 1B - USK25080250

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0105 í húsi á lóð nr. 1B við Grensásveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

10. Gylfaflöt 4 - USK25060398

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054080 þannig að brunavörnum er breytt í iðnaðarhúsi á lóð nr. 4 við Gylfaflöt.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 19. júní 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Hafnarstræti 7 - USK25090133

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulag verslunarhúsnæði á lóð nr.7 við Hafnarstræti

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Hlésgata 1 - USK25050140

Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða fjölbýlishús með 110 íbúðum sem skiptist í sjö húshluta ofanjarðar á sameiginlegum bílakjallara með 52 bílastæðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Rastargötu, á lóð nr. 1 við Hlésgötu.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 6. maí 2025, brunahönnun frá Örugg dags. 23. september 2025, minnisblað frá Eflu um mengunarrannsóknir dags. 25. maí 2025, aðgerðaráætlun vegna mengaðs jarðvegs dags. 20. ágúst 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 24. júlí 2025.

Stærð: 4.382,8 ferm., 13.758,9 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Hverfisgata 40A - USK25070361

Sótt er um heimild til þess að breyta innra skipulagi og koma fyrir nýrri rafmagnstöflu á sportbar, veitingastað í flokki II tegund f fyrir alls 80 gesti í rýmum 0103, 0104 og 0105 á 1. hæð í verslunar- og þjónustuhúsi nr. 40A á lóð nr. 40 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 28. júlí 2025, skýringaruppráttur 001-B00 dags. 1. september 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 9. febrúar 2021.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Ingólfsstræti 1 - USK25090071

Sótt er um leyfi til að stækka 8. hæð og endurskipuleggja hæðina, svalir sem snúa til suðurs eru aflagðar og svalir sem snúa til norðurs minnkaðar auk þess sem sótt er um breytingar á 1. hæð, gera nýja flóttahurð, breyta inngangi, uppfæra brunahönnun og bæta aðgengi hreyfihamlaðra í hóteli á lóð nr. 1 við Ingólfsstræti.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir greinagerð brunavarna dags. 2. september 2025 og hæðar- og mæliblað.

Frestað. Vísað til athugasemda.

15. Iðunnarbrunnur 7 - USK25060380

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða tvíbýlishús úr krosslímdu timbureiningum, einangrað og klætt að utan með timbur- og málmklæðningu á lóð nr. 7 við Iðunnarbrunn. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. september sl., fylgir erindi.

Stærð: 280,4 ferm., 908,6 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 26. júní 2025 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2020.

Frestað. Vísað til athugasemda og umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. september 2025

16. Klapparstígur 40 - USK25050136

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að skipta verslun í 2 eignarhluta í húsi á lóð nr. 40 við Klapparstíg

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og séruppráttu dags. 12.08.2024 og samþykki meðeiganda dags. 10. júlí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

17. Laugavegur 48B - USK25030246

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að innra skipulagi hefur verið breytt og innréttuð hárgreiðslu- og húðflúrstofa í rými 0101 í iðnaðarhúsi á lóð nr. 48b við Laugaveg.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 1. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Nauthólsvegur 50 - USK25060415

Sótt er um leyfi til að byggja nýtt lyftuhús, ný stigahús við norður- og vesturgötu, byggja svalir og verandir til vesturs og innrétta hjúkrunarheimili fyrir 87 íbúa í skrifstofuhúsi á lóð nr. 50 við Nauthólsveg.

Erindi fylgir brunahönnunarskýrsla frá Lotu dags. 1. júlí 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 28. maí 2025, minnisblað frá Myrru dags. 25. ágúst 2025, loftgæðamælingar frá Verkvist dags. 1. júlí 2025 og yfirlit breytinga.

Eftir breytingar, mhl. 01: 20.189,8 ferm., 70.108,1 rúmm.

Mhl. 03: 150,4 ferm., 452,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Skeifan 11C - USK25090130

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulag rými 0102 mhl03 í atvinnurými og innrétta veitingastað í flokki I tegund(x) á lóð nr. 11c við Skeifunni

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 11 maí 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

20. Skipholt 15 - USK25090290

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK25070359 þannig að er sótt um leyfi að breyta eign 0107 og 0021 í mhl. 01 í tvær eignir á lóð nr. 15 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Skipholt 15 - USK25090134

Sótt er um áður gerðar breytingar með því að skipta eign 0105 í tvö rými 0105a og 0105b á lóð nr. 15 við Skipholt.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Tryggvagata 15 - USK25060350

Sótt er um leyfi til að endurnýja og byggja ofaná Grófarhús, breyta innra skipulagi og innrétta fyrir Borgarbókasafnið hús á lóð nr. 15 við Tryggvagötu.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 2. október 2025, greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 23. júní 2026, forhönnunarskýrslur frá Eflu um burðarvirki dags. 24. júní 2025 og lagnir og loftþræsinga dags. 20. júní 2025 ásamt orkuramma dags. 24. júní 2025.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir breytingar: 6.393,4 ferm., 23.756,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Vatnagarðar 4 - USK25090028

Sótt er um leyfi til að breyta notkun og innra skipulagi auk útlitsbreytinga, þess utan er sótt um að sameina tvær eignir í eina í húsi nr.4 við Vatnagarða. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 13.mars 2002.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Vesturgata 23 - USK25070052

Sótt er um leyfi til að breyta útliti, færa til svalir og svalopnanir, skipta út gluggum og til að breyta innra skipulagi íbúða 0201, 0301 og 0401 og breyta notkun í gistiheimili í flokki ? tegund ? í sambýlishúsi á lóð nr. 23 við Vesturgötu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. september sl., fylgir erindi.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 22. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

25. Víðimelur 67 - USK25020233

Sótt er um heimild til að stækka kjallara útundir viðbyggingu á 1. hæð á einbýlishúsi á lóð nr. 67 við Víðimel.

Stækkun: 19,2 ferm., 49,9 rúmm.

Eftir stækkun: 331,4 ferm., 1.017,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 20. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Fundi slitið kl. 14:40

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Sigrún Reynisdóttir
Sigurður Stefán Karlsson
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**